

Borgarráð 23. júní 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um framfylgd samþykktar um kattahald MSS22060179

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að verkferlar umhverfissviðs Reykjavíkurborgar við framfylgd samþykktar um kattahald verði endurskoðaðir með tilliti til þess að auka meðalhóf. Haft verði að leiðarljósi við þá endurskoðun að reglurnar eiga ekki aðeins að vernda fólk frá ágangi katta, heldur eigi þær einnig að vernda hagsmuni kattaeigenda og líf og heilsu kattanna sjálfra.

Greinargerð

Borið hefur á gagnrýni við verklag umhverfissviðs Reykjavíkurborgar hvað varðar framfylgt samþykktar um kattahald. Fyrir skömmu átti sér stað óheppilegur atburður. Köttur, sem var á ferð í grennd við heimili sitt, var handsamaður af starfsmönnum Reykjavíkurborgar, en þegar eigandi ætlaði að vitja hans til yfirvalda kom í ljós að hann hafði sloppið úr haldi. Atvik málsins eru með þeim hætti að margir furða sig yfir því hvers vegna kötturinn var handsamaður á annað borð í stað þess að sinna málinu á heimaslóðum kattarins. Fram hefur komið að kötturinn hafi ekki verið merktur á hálsól og því hafi þurft að færa hann í kattageymslu svo lesa mætti örmerki hans. Ýmsir hafa gagnrýnt þessar skýringar og bent á að vægari aðferðum hefði mátt beita. Undir það má taka. Því er lagt til að verkferlar verði endurskoðaðir og meðalhóf lagt til grundvallar. Reynt verði að beita vægari aðgerðum en handsömun ef slíkt dugar. Verklag sem byggir á meðalhófi gæti til dæmis hljóðað svo:

Starfsmenn skuli:

1. spyrjast fyrir um hver sé eigandi gæludýrsins og reyni að komast í samband við eiganda
2. reyni að lesa á hálsmerki eða örmerki á staðnum með skann og í kjölfarið hafa samband við eiganda
3. lesa í aðstæður og athuga hvort dugi að grípa til vægari aðgerða
4. handsama gæludýrið aðeins í neyð og ef allt framangreint hefur ekki virkað.